



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2020

Fyrra verð á tilboðsvörum Carson

I.

Málsmeðferð

1.

Í kjölfar ábendingar frá neytanda vegna tilboðsverðs bílasöluinnar Carson ehf. var félaginu sent erindi, dags. 10. mars 2020. Í bréfinu kom fram að Neytendastofu hafi borist ábending þar sem kvartað væri yfir því að verð á vörum sem tilgreindar væru á tilboði væru á sama verði og áður og ekki væri tekið fram hvert fyrra verð tilboðsvaraanna væri.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Ennfremur var vakin athygli á 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með bréfinu var farið fram á að Carson færði sönnur fyrir því að vörurnar *KIA NIRO HYBRID* 2.790.000 kr., *KIA PICANTO* 590.000 kr., *TOYOTA YARIS* 890.000 kr. og *SUZUKI VITARA GLX* 590.000 kr., hafi verið seldar á hærra verði áður en til tilgreinds tilboðsverðs kom.

2.

Ekkert svar barst Neytendastofu. Erindi Neytendastofu var ítrekað með bréfi stofnunarinnar, dags. 17. apríl 2020. Ekkert svar barst stofnuninni og var Carson upplýst með bréfi Neytendastofu, dags. 23. júní, að bærst ekki svar innan tveggja vikna liti stofnunin svo á að gagnaöflun málsins væri lokið og yrði ákvörðun tekin á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ekkert svar barst Neytendastofu.



II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendingar sem Neytendastofu barst um að Carson ehf. byði vörur á tilboði án þess að fyrra verð væri tilgreint og að tilgreint tilboðsverð á vörunum væri hið sama og venjulegt verð þeirra hafi verið áður en til verðlækkunar kom. Í bréfi Neytendastofu kom fram að stofnunin teldi háttsemina til þess fallna að brjóta gegn ákvæðum d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Engin svör bárust Neytendastofu frá Carson við meðferð málsins.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við.

Í bréfum Neytendastofu var vísað til d. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en



samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

Með heimild í lögnum hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í 3. gr. er fjallað um fyrra verð en þar segir að þegar auglýst sé lækkað verð á vöru eða þjónustu skuli fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Þá ber seljanda að geta sannað að varna eða þjónustan hafi verið seld á því verði sem tilgreint var sem fyrra verð.

Þá er í 4. gr. reglna nr. 366/2008 kveðið á um að þegar veittur er prósentuafsláttur reiknast hann af fyrra verði og taka skuli fram hvert prósentuhlutfall lækkunarinnar er og að tilgreina skuli skýrt fyrra verð.

Ákvæði 3. gr. og 4. gr. er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að verðlækkun skuli vera raunveruleg.

3.

Líkt og áður hefur verið rakið auglýsti Carson tilboðsverð á vörum án þess að þar væri að finna upplýsingar um fyrra verð varanna en framangreint brýtur gegn 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 og 4. gr. reglna nr. 366/2008. Þá hefur ekkert komið fram í gögnum málsins eða af hálfu Carson sem sýnir fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða og hvert verðhagræðið er. Telur Neytendastofa að Carson hafi með þessari framsetningu gefið villandi upplýsingar um verðhagræðið og að þessir viðskiptahættir séu til þess fallnir að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Carson hefur því með þessari háttsemi brotið gegn ákvæðum d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Carson ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Carson ehf., Flugvöllum 6, Reykjanesbæ, hefur með kynningu um lækkað verð án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.



Carson ehf. hefur með því að tilgreina ekki fyrra verð á tilboðsvörum, brotið gegn 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Neytendastofa bannar Carson ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 26. ágúst 2020

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir